

Ed.

359. Nefndarálit

[3. mál]

um frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og fengið um það margar umsagnir. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 2. mgr. falli niður.
2. Við 17. gr. Í stað orðanna „fóstrunarstörf“ og „fóstrunarmenntun“ í 1. mgr. komi orðin: fósturstörf, fósturmenntun.
3. Við 18. gr. Við 2. mgr. bætist: eða félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.
4. Á eftir 19. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisframlag til stofnkostnaðar skv. 6. gr. nær eigi til þeirra dagvistunarstofnana, sem þegar eru fullbyggðar. Þeir aðilar, sem hafa dagvistunarstofnanir í byggingu, þegar lög þessi taka gildi, geta sótt til menntamálaráðuneytisins um ríkisframlag til bygginganna. Fullnægi byggingarnar þeim kröfum, sem lög þessi og reglugerðir samkvæmt þeim gera til slíkra stofnana, er heimilt að veita ríkisframlag allt að óskertum þeim styrk, sem gert er ráð fyrir í 6. gr., eftir mati ráðuneytisins og með hliðsjón af því, á hvaða stigi framkvæmdir eru.

Nefndarmenn allir áskilja sér rétt til að fylgja öðrum breytingartillögum eða flytja þær sjálfir. Björn Jónsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 8. marz 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Tómas Árnason, fundaskr.	Auður Auðuns.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Steingrímur Hermannsson.	Jón Árm. Héðinsson.